

Tengiráðgjafi á Vestfjörðum

Tengiráðgjafi á Vestfjörðum hóf störf 6. maí 2024. Fyrstu skref voru að kortleggja þau virkniúrræði í sveitarfélögunum sem voru í boði og koma á tengslum með fundum, símtölum og heimsóknum. Rætt var við ýmsa aðila, til að mynda skipuleggjendur félagsstarfs eldra fólks, félög eldri borgara, íþróttafélag eldra fólks, skipuleggjendur menningarstarfs og aðila sem bjóða þjónustu til heilsueflingar eldra fólks.

Vitundarvakning

Tengiráðgjafi hefur verið málsvari Gott að eldast, bæði þróunarverkefnis á Vestfjörðum og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í heild sinni. Tengiráðgjafi hélt erindi fyrir Velferðarvaktina þann 3. september 2024 og sagði frá verkefninu, hlutverki tengiráðgjafa og áherslum á svæðinu.

Tengiráðgjafi stóð að opnum kynningarfundum á Vestfjörðum sem hluta af vitundarvakningu um heilbrigða öldrun. Erindi funda voru í senn fræðsla og tækifæri til að kynna félagsstarfi á svæðunum. Þann 5. september 2024 var opinn kynningarfundur í félagsheimilinu á Patreksfirði þar sem sagt var frá samningi um samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu og fyrirkomulagi þjónustu. Þá var kynnt styrkúthlutun sem Vesturbyggð hlaut til heilsueflingar eldra fólks. Mikil ánægja var með erindi frá Svavari Knút og Líney Úlfarsdóttur um áhrif félagslegrar einangrunar á lífsgæði og þau bjargráð sem samfélagið hefur. Hluti af heimsókn þeirra í Vesturbyggð var samtali við gesti á Vegamótum á Bíldudal, þar sem hefð er fyrir því að eldri karlar komi daglega saman í kaffi.

Þann 22. október 2024 var haldinn opinn kynningarfundur Gott að eldast fyrir fullu húsi í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Samvinna var við félög eldri borgara á svæðinu og íþróttafélag eldri borgara við undirbúning á fundi. Þróunarverkefnið og framtíðarsýn með heildarendurskoðun á þjónustu var kynnt ítarlega. Það hefur borið á miklum áhuga hjá eldra fólki um heilsueflingu, því var erindi um heilsueflingu og styrk eldra fólks á dagskrá fundar. Líney Úlfarsdóttir og Svavar Knútur héldu erindi sitt á þeim fundi við góðar undirtektir. Einnig fór tengiráðgjafi með þeim í heimsóknir í félagsstarf í Bolungarvík og Súðavík, á dagdeild á Ísafirði þar sem rætt var við starfsmenn og þjónustunotendur. Þá voru sérstakir

fræðslufundur með starfsmönnum stuðningsþjónustu Ísafjarðarbæjar og starfsmönnum heimahjúkrunar á norðanverðum Vestfjörðum.

Ásamt því að hafa fundað með félögum eldri borgara á Vestfjörðum hefur tengiráðgjafi kynnt þróunarverkefnið og hlutverk sitt fyrir Öldungaráði Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar. Öldungaráð í Ísafjarðarbæ kom á framfæri hvatningu og vilja til þess að starf tengiráðgjafa yrði framlengt samhliða Gott að eldast þróunarverkefninu.

Tengiráðgjafi sótti Haustdag Gott að eldast og fékk góðan fróðleik til áframhaldandi verkefna. Ekki hafa verið margir fundir verkefnahóps Gott að eldast á Vestfjörðum á þeim tíma sem tengiráðgjafi hefur starfað, en tækifæri um frekari þátttöku tengiráðgjafa í þeim hópi eru til staðar.

Efla tengsl

Tengiráðgjafi leggur áherslu á að vera í góðum tengslum við aðila í samfélaginu, vera hvetjandi fyrir starfandi félög, ryðja úr vegi hindrunum á milli mismunandi þjónustuaðila og byggja upp tengingar á milli þjónustuveitenda í sveitarfélögunum. Dæmi um verkefni þar sem tengiráðgjafi á Vestfjörðum hefur unnið að er:

- Íþróttavika Evrópu.
- Birt grein á Vísi og bæjarblaði um Gott að eldast þróunarverkefni.
- Fylgt eftir áherslum frá Björtum lífsstíl.
- Samvinna um Vinaverkefni Rauða Krossins sem er verið að endurvekja.
- Undirbúningur við styrkumsóknir félaga eldri borgara og íþróttafélags eldri borgara sem miða að eflingum félagslegrar þátttöku og bættri lýðheilsu.
- Samvinna við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólasetur Vestfjarða um styrkumsókn sem snýr að aukinni inngildingunni í samfélög. Þar er lögð áhersla á að stuðla að virkni og auka aðgang eldra fólks að fræðslu og tækifærum til þátttöku með því að koma upp U3A, háskóla þriðja æviskeiðsins.
- Samvinna við Alzheimer samtökin um komu til Ísafjarðar, þar sem boðið var upp á fræðslufund fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu, opinn íbúafund og ráðgjafa- og stuðningsviðtöl.
- Samvinna við öldrunarfulltrúa hjá Ísafjarðarbæ.

Einstaklingar og fjölskyldur

Tengiráðgjafi er til taks fyrir einstaklinga og aðstandendur eldra fólks. Hann tengir íbúa við bjargir sem fyrir eru í samfélaginu og fjölbreytt úrval virkniúrræða. Sérstök áhersla er a valdeflingu einstaklinga en einnig persónumiðaðri nálgun með hliðsjón af lífssögu, áhuga, vilja og getu. Enn sem komið er hefur ekki verið mikil reynsla á formlegum viðtölum. Það er algengara að fólk leiti eftir upplýsingum og ráðgjöf hjá tengiráðgjafa þegar hann er í óformlegum heimsóknum í íbúakjarna eldra fólks eða viðburðum skipulagðs félagsstarfs.

Undirbúningur er hafinn við gerð könnunar um félagslega virkni og líðan eldra fólks. Ætla má að áherslur sveitarfélaganna verði svipaðar. Þá mun tengiráðgjafi setja sig í samband við eldra fólk og aðstoða það við svörun könnunar. Markmið könnunar væri að hafa nánari upplýsingar og yfirsýn á félagslegri stöðu og líðan eldra fólks. Einnig að bjóða fólki að koma með ábendingar. Niðurstöður geta aðstoðað samfélög við að bera kennsl á þá þætti sem þurfa að vera til staðar svo að eldra fólk geti búið við styðjandi og aðlagð félagslegt umhverfi.

Undirritaðar telja það nauðsynlegt vegna áframhaldandi innleiðingar verkefnisins Gott að eldast að ráðningarsamningur tengiráðgjafa verði framlengdur um að minnsta kosti eitt ár.

Með vinsemd og virðingu,

Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir
Tengiráðgjafi

Margrét Geirsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar

Arnheiður Jónsdóttir
Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Vesturbyggðar

Guðný Hildur Magnúsdóttir
Félagsmálastjóri Bolungarvíkurkaupstaðar